

Mál nr. 303/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns sem varð á jeppabifreið er henni var ekið yfir á.****Gögn.**

161. Málskot, móttækið 28.7.2014, ásamt fylgigögnum.

162. Bréf X, dags. 16.10.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21.8.2013 var jeppabifreiðinni A í eigu M ekið yfir vað á Hróarslæk. Áin hafði verið í vexti og vaðið breytt sér. Dæld mun hafa verið í vaðinu og sökk A niður að aftan og reis upp að framan. Við það mun vatn hafa flætt inn í eldsneytisgeymi A auk þess sem tveir bakkskynjarar af fjórum aftan á bifreiðinni urðu fyrir skemmdum.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 4. gr. vátryggingarskilmála X sem gilda um kaskótrygginguna eru talin upp í 15 töluliðum þau tjonstilvik sem vátryggingin tekur til, svo sem árekstur hins vátryggða ökutækis og annars farartækis (gr. 4.1), áakstur (gr. 4.2), velta og hrap (gr. 4.3) og útafakstur (gr. 4.4). Eins og tjónið á A varð verður það ekki rakið til áreksturs, áaksturs, veltu, hrops, útafaksturs eða annarra tjonstilvika sem talin eru upp í 4. gr. skilmálanna.

Í 3. gr. skilmálanna er ákvæði um hvar vátryggingin gildir og í gr. 3.3 er að finna ákvæði um það hvar eða við hvaða aðstæður vátryggingin gildir ekki, en þar segir að vátryggingin gildi ekki við akstur á vegum eða vegslóðum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirmælum réttra yfirvalda eða akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Samkvæmt gr. 3.3.2 gildir vátryggingin, þrátt fyrir ákvæði í gr. 3.3, fyrir jeppa- og torfærubifreiðar við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða og aðrar vegleysur. Undanskilin eru þó tjon sem verða við að vatn flæðir inn í vélarhús, farþega- eða farangursrými hins vátryggða ökutæki. Skilja ber 3. gr. skilmálanna, þ.m.t. gr. 3.3 og gr. 3.3.2, á þann veg að í henni felist hlutlæg afmörkun á landfræðilegu gildissviði vátryggingarinnar og takmörkun á gildissviði hennar við akstur við nánar tilgreindar aðstæður, m.a. við akstur yfir óbrúaðar ár og læki. Af ákvæði gr. 3.3.2 leiðir ekki að við þær aðstæður sem þar getur bætist tjon á torfæru- og jeppabifreiðum þótt ekki sé um að ræða tjonstilvik sem talin eru upp í 4. gr. Með því að ekki varð tjon sem fellur undir bótasvið 4. gr. í umrætt sinn bætist tjónið ekki úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 4. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.